

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

125
20. maí

Frá og með 1. júní 1952 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 19. þ. m. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 15. marz 1951, ásamt breytingum frá 1. júní 1951, 1. október 1951 og 1. febrúar 1952.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 20. maí 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

126
20. maí

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborgareign með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Wardslóð, svonefnd, neðan Skipagötu, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
3. Lóð Sigurðar Bentssonar og Kaupfélags Ísfirðinga, Aðalstræti 12.
4. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hraðfrystihússins Norðurtanginn h.f.
5. Lóð og húseign Ágústs Péturssonar, við Sundstræti, Sundamegin. — Hvíta pakkhús.
6. Lóð Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
7. Lóð Hilmars Arnórssonar, nr. 11 við Aðalstræti.
8. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar trésmiðs.
9. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eigendur Valdimar Veturlíðason o. fl.
10. Lóð nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson.
11. Lóð nr. 11 við Hafnarstræti, eigendur Arngr. Fr. Bjarnason, verzlun Jónasar Magnússonar og H. Herlufsen.
12. Lóð Guðbjargar Guðjónsdóttur við Hafnarstræti.
13. Lóð Elíasar J. Pálssonar, nr. 1 við Hafnarstræti.
14. Lóð Finnbjörns Finnbjörnssonar, nr. 3 við Hafnarstræti.
15. Lóðin nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
16. Lóð undir svonefndri Soffiubúð við Silfurtorg, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
17. Lóð Guðmundar Karlssonar o. fl. nr. 2 við Silfurgötu.
18. Lóð nr. 6 við Silfurgötu, eign Kristjáns Friðbjörnssonar.
19. Lóðin nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar.
20. Lóðin nr. 8 A við Silfurgötu, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
21. Lóðin nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur, dbú.
22. Lóðin nr. 12 A við Silfurgötu, eign Ásmundar Jóhannessonar.
23. Lóðin nr. 14 við Silfurgötu, eign Eyjólfssonar.
24. Lóð Gests Sigurðssonar, nr. 11 við Sundstræti.
25. Lóð Örnólfs Hálfánarsonar, milli Skipagötu og Sundstrætis.

- 126 26. Lóð Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar við Sundstræti.
 20. maí 27. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
 28. Lóð Ágústs Péturssonar, undir svonefndum Ásgeirshjalla.
 29. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Skipagötu og Sundstræti.
 30. Lóð Önnu Óladóttur, nr. 14 við Skipagötu.
 31. Lóð Benedikts Egilssonar o. fl. við Skipagötu nr. 12.
 32. Lóð h.f. Fiskimjöl, Torfnesi.
 33. Lóð og aðrar fasteignir við Aðalstræti 9, eign h.f. Munins.
 34. Íbúðarhúsið og lóðin nr. 17 við Hafnarstræti, eign dánarbús Sveinbjörns Hall-
 dórssonar.
 35. Húseignin og lóðin Hafnarstræti 33, eigendur Jón B. Jónsson og Hjörtur Ein-
 arsson.
 36. Húseignin og lóðin Smiðjugötu 12, eigendur Daníel Jónsson og Eggert Samúels-
 son.
 37. Húseignin og lóðin Sundstræti 31, eigendur Halldór Sigurðsson og Hermann
 Jakobsson.
 38. Húseignin og lóðin Tangagötu 28, eigandi Daníel Kristjánsson.
 39. Húseignin og lóðin Fjarðarstræti 47, eigandi Baldvin Jónsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar
 að telja, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

127

30. maí

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara
 29. júní 1952, rann út kl. 24.00 laugardaginn 24. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins eru:

Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri,
 Bjarni Jónsson, vígslubiskup,
 Gísli Sveinsson, fyrrv. sendiherra.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febr. 1945, um framboð
 og kjör forseta Íslands.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. maí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.